

FUNDARGERÐ

Skipulags- og byggingarnefnd Skagabyggðar, fundur haldinn að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi þann 9. júní og hófst klukkan 13:00

Fundinn sátu: Magnús Björnsson formaður, Rafn Sigurbjörnsson aðalmaður og Kolbrún Ágústa Guðnadóttir varamaður í stað Lindu Bjarkar Ævarsdóttur og Þorgils Magnússon skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá

1. 2106000 – Landsskipti vegna nýs Þverárfjallsvegur

Erindi frá Vegagerðinni, umsókn um stofnun á nýjum landspildum út úr eftirfarandi jörðum vegna legu nýs Skagastrandavegar. 1) Ytri-Hóll 1 landnr. 145465. Heildarflatarmál vegsvæðis er 13.223m². 2) Syðri-Hóll landnr. 145475. Heildarflatarmál vegsvæðis er 17.782m². 3) Höskuldsstaðir landnr. 145461. Heildarflatarmál vegsvæðis er 59.521m². Meðfylgjandi er umsókn og uppdráttur unnin af Vegagerðinni.

Nefndin samþykkir að stofna umræddar landspildur.

2. 2106004 – Þverárfjallsvegur og Skagastrandarvegur – Umsókn um framkvæmdaleyfi

Erindi frá Vegagerðinni sem óskar eftir framkvæmdaleyfi til Skagabyggðar skv. 13. Gr. skipulagslaga nr.123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Fylgigögn eru: 1) Teikningar af vegi í Skagabyggð 2) Grunnmynd brúarstæðis, Laxá 3) Yfirlitmynd fyrir brú, Laxá 4) Teikning fornminja 5) Leyfi Fiskistofu

Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að útbúa framkvæmdarleyfi þegar öll gögn liggja fyrir.

hM
R.d.
KAG MB

3. 2106001 – Reglur um stöðuleyfi gáma og frístundahúsa í byggingu

Erindi sveitarstjórn Skagabyggðar sem óskar eftir afstöðu skipulags- og byggingarnefndar til reglna þess efnis, fullmóti þær, afgreiði og sendin til sveitarstjórnar. Nefndin er einnig beðin um að koma með drög að gjaldskrá vegna stöðuleyfa.

Nefndin mun vinna áfram að málinu.

4. 2106003 – Hafnir – Umsókn um byggingarleyfi

Erindi frá Vigni Sveinssyni Höfnum f.h Grunneyjar ehf. um byggingarleyfi fyrir aðstöðuhúsi. Húsið er 303,5 m² límtréshús á 297,6m² steyptum undirstöðum klætt utan með Pir/Pir yleiningum 80mm á veggjum og 100 mm á þaki. Þannig er húsið 1.557,4 m³. Meðfylgjandi eru teikningar gerðar af Guðbjarti Á. Ólafssyni dags. 24.02.2021

Nefndin samþykkir byggingaráformin.

5. 2106004 – Þverárfjallsvegur og Skagastrandarvegur – Umsókn um framkvæmdaleyfi

Erindi Vegagerðinni sem óskar eftir framkvæmdaleyfi til Skagabyggðar skv. 13. Gr. skipulagslaga nr.123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Fylgigögn eru: 1) Teikningar Skagabyggð 2) Grunnmynd brúarstæðis, Laxá 3) Yfirlitmynd fyrir brú, Laxá 4) Teikning fornminja 5) Leyfi Fiskistofu

Nefndin felur skipulags- og byggingafulltrúa að útbúa framkvæmdarleyfi þegar öll gögn liggja fyrir.

6. 2106005 – Höskuldsstaðir – Umsókn um byggingartleyfi

Erindi frá Ólafi Tryggva Kristjánssyni eiganda Höskuldsstaða er varðar breytingar á útliti íbúðarhúss á Höskuldsstöðum. Breytingin felst í viðbyggingu/vindfangi við norðurhlið húss, endurgerð glugga og einangrun og klæðningu veggja. Meðfylgjandi eru uppdættir unnir á Verkís hf. verkfræðistofu gerðar af Magnúsi Ingvarssyni dags. 06.06.2021

Nefndin samþykkir byggingaráformin.

*þM
R. J.
KAG MB*

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 15:30.

Magnús Björnsson
Magnús Björnsson

Rafn Sigurbjörnsson
Rafn Sigurbjörnsson

Kolbrún Á. Guðnadóttir
Kolbrún Ágústa Guðnadóttir

Porgils Magnússon
Porgils Magnússon